



Uppgjör 3F 2021

Jón Björnsson, forstjóri


Gunnar Petersen, fjármálastjóri

.or!go.



Tekjur

✓ Skipting tekna og vöxtur á milli ára




Tekjuvöxtur	9M 2020	9M 2021
Notendabúnaður	19,8%	17,2%
Hugbúnaður	7,3%	7,1%
Rekstrarþjónusta	19,6%	-9,1%



EBITDA

✓ Samanburður 9M 2021 og 9M 2020 í mkr



EBITDA%	9M 2020	9M 2021
EBITDA%	5,7%	8,5%
EBITDA%*	7,1%	8,5%



Yfirlit

- ✓ Tekjur
 - ✓ 5,8% tekjuvöxtur fyrstu 9M frá 2020
 - ✓ 17% tekjuvöxtur í notendabúnaði
 - ✓ 33% vöxtur í eigin hugbúnaði
 - ✓ Tekjusamdráttur í rekstrarþjónustu á fyrstu 9M vegna minni vörusölu á tímabilinu
- ✓ Hagnaður
 - ✓ Góð afkoma í notendabúnaði
 - ✓ Bæting í afkomu í rekstrarþjónustu á milli ára
 - ✓ Rekstur Tempo á fyrstu 9 mánuðum ársins mjög góður
- ✓ Horfur
 - ✓ Verkefnastaða í heildina áfram góð
 - ✓ Spennandi staða margra hugbúnaðarvara
 - ✓ Óvissa með áhrif vöruafhendingar á 4F
 - ✓ Geta Origo til að nýta tækifæri sterk

*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði

Stefnan er skýr

✓ Rekstrarlegar áherslur

- ✓ Hraða breytingum á söluáherslum í gegnum nýjar leiðir.
- ✓ Vöruvæðing, innpökkun og skýrari ábyrgð á vegferð hvernar þjónustu.

✓ Vinnum eftir skýrum framtíðaráherslum

- ✓ Félagið hefur skilgreint kjarnasvið sín og lagt af stað í vegferð til áframhaldandi styrkingar á þeim og auka getu til að ná fram breytingum hraðar. Þetta kallar á skýrara vöruframboð.
- ✓ Upplifun og árangur viðskiptavina skiptir okkur öllu máli.
- ✓ Við erum markvisst að fjárfesta í starfsfólki, umgjörð og tækni sem getur aukið árangur og upplifun viðskiptavina okkar.
- ✓ Við leggjum áherslu á stöðugar og sýnilegar mælingar á árangri okkar hvort sem er í vöruþróun, árangri viðskiptavina, frammistöðu eða samfélagslegum þáttum.
- ✓ Bætt samfélag með tækni er pólstjarna félagsins og er félagið að setja af stað mörg spennandi verkefni tengt því.



Starfsfólk
9M 2021
29% kvk og 71% kk



Nýráðningar
9M 2021
44% kvk og 56% kk



Starfsánægja
9M 2021
4,3 af 5,0



tCO2 Umfang 1
9M 2021
67t (0%)



Flokkunarhlutfall
9M 2021
75% (+4,2)




Endurvinnsluhlutfall
9M 2021
69% (+0,5)

Notendabúnaður – Frábær rekstur

- ✓ 14% veltuaukning á 3F og 17% á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- ✓ Netverslun jókst um 76% fyrir fyrstu 9 mánuði ársins og var um 30% af veltu sviðsins á móti 17% á síðasta ári.
- ✓ Áframhald á góðu gengi Tölvutek og frábær söluaukning á 3F.
- ✓ Viðvarandi vöruskortur háir sviðinu áfram.
- ✓ Horfur eru heilt yfir ágætar
 - ✓ Einingin fer nú að keppa við nokkuð sterkar samanburðartölur frá fyrra ári.
 - ✓ Auknir möguleikar til grænna lausna í notendabúnaði og er Origo nú byrjað að taka við eldri vörum til endursölu og endurvinnslu.
 - ✓ Frekari fjárfesting í netverslun sem mun skila betra viðmóti, auknum upplýsingum og hjálpa til við grænar áherslur Origo.
 - ✓ Kaupin á 70% í Eldhafi voru samþykkt af Samkeppniseftirlitinu um miðjan október og kemur félagið inn í samstæðu Origo frá 19. október sl. Þetta mun auka enn frekar við sterkt vöruframboð notendabúnaðar og mun Apple og Garmin bætast við.



Tekjur - Notendabúnaður og tengd þjónusta



Rekstrarþjónusta og Innviðir – Umbreyting heldur áfram

✓ Góður afkomubati á rekstrarþjónustu frá fyrra ári

- ✓ 1,6% tekjuaukning á 3F og 9% tekjusamdráttur á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- ✓ 18% bati í afkomu á 3F samanborið við 2020 og afkomuhlutfall 7% á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- ✓ Innviðasala og breytingar á þjónustuframboði skýrir söluminnkun og afkomubata sviðsins á á 3F 2021.

✓ Mikil áhersla á að breyta eldri tekjustofnum og einfalda vöruframboð

- ✓ Tækniborð og vettvangsþjónusta sameinuð í þjónustumiðju til að tryggja bætt samskipti frá fyrstu snertingu.
- ✓ Blönduð nálgun á skýjaþjónustu fyrir stærri fyrirtæki og Léttský Origo og alrekstur fyrir smærri fyrirtæki.
- ✓ Lokum eða umbreytum eldri þjónustum með lítilli stærðarhagkvæmni og/eða úreltum innviðum.

✓ Syndis Öryggislausnir byrjað að vinna eftir því plani sem lagt var upp með við kaup með áherslu á ráðgjöf, rekstrarsamninga og hugbúnaðargerð.


- ✓ Syndis software hefur verið sett af stað með fókusi á hugbúnaðarþróun á sviði öryggismála og unnið með nokkuð af hugverkum sem voru til fyrir í Syndis.
- ✓ Töluvert hlutfall tekna Syndis kemur nú erlendis frá.

✓ Origo aðstoðaði TM Tryggingar í að hanna tryggingaflokk fyrstann sinnar tegundar á Íslandi sem tryggir fyrirtæki gegn fjárhagslegu tjóni sem getur hlotist af netarásum.


Léttský

Léttský er ný skýjalausn sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Leyfðu okkur að sjá um tæknimálin á meðan þú einbeir þér að daglegum rekstri.

[FÁ RÁÐGGJÖF →](#)




Tekjur - Rekstrarþjónusta og Innviðir



EBITDA 9M 2021
248 mkr (7,1%)
[5,0% FY 2020]

Mikil gróska í hugbúnaðargerð Origo

- ✓ **2% tekjuvöxtur á 3F og 7% tekjuvöxtur á fyrstu 9 mánuðum ársins**
- ✓ **33% aukning í tekjum frá eigin hugbúnaði á fyrstu 9 mánuðum ársins (28% í 3F)**
- ✓ **Sprotapróun – SaaS fókuseruð nýsköpun**
 - ✓ 52% tekjuvöxtur í sprotum í þriðja ársfjórðung m.v. síðasta ár og 49% vöxtur á 9M 2021 m.v. 9M 2020
 - ✓ Justly Pay, ný SaaS lausn sem hjálpar fyrirtækjum í gegnum jafnlaunavottun var kynnt í mánuðinum.
- ✓ **Áframhald á vinnu fyrir Stafrænt Ísland**
- ✓ **Heilbrigðislausnir**
 - ✓ Allar heilbrigðisstofnanir sem sinna heimahjúkrun hafa ákveðið að taka heimahjúkrunarappið Smásögu í notkun og er stefnt að því að innleiðingum ljúki á næstu vikum.
 - ✓ App fyrir spítala og hjúkrunarheimili hefur líka fengið góðar viðtökur og er það nú í notendaprófunum
 - ✓ Sala á lyfjastjórnunareiningu fyrir Sögu, sem eykur mjög öryggi í lyfjagjöf, gengur vel.
 - ✓ Búast má við að draga muni úr covid tengdum verkefnum.
- ✓ **Afkoma Applicon í Svíþjóð er töluvert minni en á sama fjórðung 2020**
 - ✓ Sterkar samanburðartölur vegna innleiðingaverkefna síðasta árs bæði á 3F og 4F 2021.
 - ✓ Sölupípan hjá Applicon lítur ágætlega út og þær breytingar sem ný framkvæmdastjórn hafa sett í gang eru farnar að taka á sig mynd.
- ✓ **Viðskiptalausnir**
 - ✓ Góður tekjuvöxtur í ársfjórðungnum og sér í lagi á eigin hugbúnaði sem eru nú orðin rúmlega 20% af veltu í viðskiptalausnum.
 - ✓ Verkefnastaða almennt góð og aukin áhersla á að styrkja þekkingu og sækja verkefni innan viðskiptagreiðdar og spennandi lausnir að líta ljós á þeim vettvangi.




Tempo – enn frekari bæting hjá félaginu

- ✓ **37% tekjuvöxtur og 25% EBITDA á 3F**
 - ✓ 36% veltuaukning á fyrstu 9M og 27% EBITDA.
 - ✓ 84% vöxtur í EBITDA frá 3F 2020.

- ✓ **Helstu rekstrarþættir 3F**
 - ✓ Aukin áhersla á stærri viðskiptavinum (1.000+ notendur) og betra “partner program”er að skila árangri.
 - ✓ 60% af nýrri veltu kemur í gegnum “partner program”.
 - ✓ Aukin ánægja notanda með Tempo sést í bættri stjórnugjöf.
 - ✓ Churn rate að lækka.
 - ✓ Árangur að nást í að bæta grunnvöru og tengingar við önnur tól.

- ✓ **Helstu áherslur til lengri tíma**
 - ✓ Styrkja stöðu Tempo sem leiðtogi á sviði tímaskráningar með aukinni markaðssetningu og notendaprófunum.
 - ✓ Viðhalda fjárfestingu í tækni til að geta skráð tíma alls staðar, t.d. almennum þróunartólum í hugbúnaði.
 - ✓ Auka fótfestu Tempo utan Atlassian.



Fjárhagur

Gunnar Petersen, fjármálastjóri



.or!go.

Rekstrarreikningur 3F 2021

– Hækkun á EBITDA og áfram góður tekjuvöxtur

✓ 6,9% tekjuvöxtur á milli ára

- ✓ Tekjur 4,3 ma.kr.
- ✓ Mikill tekjuvöxtur í notendabúnaði og tengdri þjónustu eða 14%.
- ✓ Einnig sterkur tekjuvöxtur hjá hugbúnaðarsviðum á Íslandi eða um 16%.
 - ✓ Eigin hugbúnaðarvörur 28% tekjuvöxtur.
- ✓ Töluverður tekjusamdráttur á fjórðungnum hjá Applicon AB.
 - ✓ Ágætur tekjuvöxtur YTD.
- ✓ Minni vöxtur í tekjum hjá rekstrarþjónustu og innviðum.

✓ Framlegð 26,8% samanborið við 25,1% í fyrra



- ✓ Framlegð nam 1.142 m.kr samanborið við 1.000 m.kr. í F3 2020.

✓ Rekstrarkostnaður nam 938 m.kr.

- ✓ Rekstrarkostnaður sem hlutfall af veltu nam 22% en nam 21,5% á sama tímabili í fyrra.

✓ EBITDA nam 441 m.kr., 30% hækkun frá 3F í fyrra

- ✓ EBITDA% er 10,4% samanborið við 8,5% í fyrra.
- ✓ Áframhaldandi hækkun á EBITDU í notendabúnaði og tengdri þjónustu
- ✓ EBITDA í rekstrarþjónustu og Innviðum hækkar frá fyrra ári.
- ✓ Lægri EBITDA hjá Applicon AB hefur áhrif á afkomu í hugbúnaði og tengda þjónustu.



Rekstrarreikningur 3F 2021

- Hækkun rekstrarhagnaðar frá fyrra ári

- ✓ **Tekjur** hækka um 7% á milli ára
- ✓ **Framlegð** hækkar um 14% á milli ára
- ✓ **Rekstrarhagnaður** hækkar um 62 m.kr. frá fyrra ári
 - ✓ *Hækkar um 22% á milli ára
- ✓ **Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarféлага var** jákvæður um 172 m.kr. í þriðja ársfjórðungi
 - ✓ Í fyrra var þýðingarmunurinn jákvæður um 0,1 m.kr. en eignarhlutur í Tempo skýrir megin hluta af þessu
- ✓ **Heildarhagnaður þriðja ársfjórðungs** er 365 m.kr., samanborið við 90 m.kr. í fyrra

Í milljónum ISK	F3 2021	F3 2020
Seldar vörur og þjónusta	4.257	3.983
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.116)	(2.983)
Framlegð	1.142	1.000
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	<i>26,8%</i>	<i>25,1%</i>
Rekstrarkostnaður	(938)	(857)
Rekstrarhagnaður	204	143
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	<i>4,7%</i>	<i>3,6%</i>
Hrein fjármagnsgjöld	(36)	(51)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	60	13
Tekjuskattur	(36)	(15)
Hagnaður tímabilsins	192	90
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	172	0
Heildarhagnaður tímabilsins	365	90
EBITDA	441	338
<i>EBITDA%</i>	<i>10,4%</i>	<i>8,5%</i>

*Tekið mið af einskiptiskostnaði 2020

Rekstrarreikningur 9M 2021

- Tekjuvöxtur og bætt afkoma

- ✓ **Rekstrarhagnaður** hækkar um 304 m.kr. frá fyrra ári
 - ✓ Einskiptisliðir hafa áhrif á árinu 2020
 - ✓ *27% hækkun á rekstrarhagnaði á milli ára
- ✓ **Hrein fjármagnsgjöld** voru 69 m.kr., samanborið við 177 m.kr. í fyrra
 - ✓ Gengistap undir fjármagnsgjöldum árið 2020
- ✓ Mikil hækkun á **afkomu hlutdeildarfélags (Tempo)** á milli ára
- ✓ **Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarfélaga** var jákvæður um 84 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins
 - ✓ Í fyrra var þýðingarmunurinn jákvæður um 410 m.kr. en eignarhlutur í Tempo skýrir megin hluta af þessum mun.
- ✓ **Heildarhagnaður** fyrstu 9 mánuðum ársins er 612 m.kr., samanborið við 461 m.kr. í fyrra

Í milljónum ISK	9M 2021	9M 2020
Seldar vörur og þjónusta	12.856	12.156
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(9.503)	(9.172)
Framlegð	3.354	2.984
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	<i>26,1%</i>	<i>24,5%</i>
Rekstrarkostnaður	(2.884)	(2.818)
Rekstrarhagnaður	469	165
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	<i>3,6%</i>	<i>1,4%</i>
Hrein fjármagnsgjöld	(69)	(177)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	210	59
Tekjuskattur	(83)	3
Hagnaður tímabilsins	527	50
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	85	411
Heildarhagnaður tímabilsins	612	461
EBITDA	1.098	698
<i>EBITDA%</i>	<i>8,5%</i>	<i>5,7%</i>

Eigið fé hækkar á árinu

✓ **Fastafjármunir** hækka um 745 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins

- ✓ Rekstrarfjármunir hækka um 249 m.kr.
 - ✓ Breytingar á leigusamningum valda hækkun
- ✓ Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi hækkar um 333 m.kr.
- ✓ Óefnislegar eignir hækka um 163 m.kr.

✓ **Veltufjármunir** lækka um 20 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins

- ✓ Birgðir hækka um 171 m.kr.
- ✓ Handbært fé lækkar um 256 m.kr.


✓ **Sterkur efnahagur** og félagið vel í stakk búið til að styðja við áframhaldandi tekjuvöxt

- ✓ Eiginfjárhlutfall er 58,4% samanborið við 56,5% í árslok 2020
- ✓ Veltufjárhlutfall er 1,31, samanborið við 1,27 í árslok 2020


Í milljónum ISK	30.09.2021	31.12.2020
Rekstrarfjármunir	2.125	1.876
Óefnislegar eignir	3.069	2.906
Tekjuskattseign	0	5
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	3.274	2.941
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur	305	300
Fastafjármunir	8.773	8.028
Birgðir	1.624	1.453
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.775	1.710
Handbært fé	917	1.173
Veltufjármunir	4.316	4.336
Eignir samtals	13.089	12.364
Eigið fé	7.639	7.012
Vaxtaberandi langtímaskuldir	563	641
Leiguskuldbindingar	1.513	1.304
Tekjuskattsskuldbinding	69	0
Langtímaskuldir	2.145	1.945
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga	424	326
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	84	102
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.797	2.978
Skammtímaskuldir	3.305	3.406
Eigið fé og skuldir samtals	13.089	12.364

Sterkur efnahagur


Net Debt/EBITDA (án IFRS)



Eiginfjárlutfall



Veltufjárlutfall



Í milljónum ISK

30.09.2021

31.12.2020

Fastafjármunir

8.773

8.028

Veltufjármunir

4.316

4.336

Eignir Samtals

13.089

12.364

Eigið fé

7.639

7.012

Langtímaskuldir

2.145

1.945

Skammtímaskuldir

3.305

3.406


Eigið Fé og Skuldir Samtals

13.089

12.364

Sterkt sjóðstreymi

- ✓ **Hagnaður 9M** fyrir þýðingarmun 527 m.kr.
- ✓ **Afskriftir** 629 m.kr.
- ✓ **Hrein fjármagnsgjöld** 69 m.kr.
- ✓ **Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага** 210 m.kr.
- ✓ **Breytingar á rekstartengdum liðum** voru neikvæðar um 472 m.kr.
- ✓ **Handbært fé frá rekstri** var 550 m.kr.
- ✓ **Fjárfestingar** 442 m.kr.
 - ✓ 128 m.kr. í rekstrarfjármunum
 - ✓ 131 m.kr. í óefnislegum eignum
 - ✓ 175 m.kr. í rekstrareiningum að frádregnu handbæru fé
- ✓ **Leiguskuldbindingar** 271 m.kr.
- ✓ Lækkun á **handbæru fé** 245 m.kr.





Áherslur

- ✓ Hraða breytingum á söluáherslum í gegnum nýjar leiðir.
- ✓ Umbreytingar á Þjónustulausnum Origo.
- ✓ Áframhaldandi fjárfesting í eigin hugbúnaði og styrking á stöðu með aukinni vöruvæðingu, innpökkun og skýrari ábyrgð á vegferð hvernar þjónustu.
- ✓ Við erum markvisst að fjárfesta í umgjörð og tækni sem getur aukið árangur og upplifun viðskiptavina okkar.



Umhverfi

- ✓ Umhverfi hagfelld fyrir upplýsingatækni og hugbúnaðar- og stafræna þróun.
- ✓ Verkefnastaða áfram góð.
- ✓ Útlit fyrir þyngri rekstur í Svíþjóð til skemmri tíma en framtíðarhorfur ágætar.
- ✓ Einhverjar tafir gætu myndast í innviðasölu vegna vöruskorts hjá birgjum.
- ✓ Tækifæri á markaðnum til að styrkja einingar félagsins.



Spurningar?

.or!go.